

Mánudaginn 12. júní 1922.

Nr. 15/1922.

Valdstjórnin

(Jón Ásbjörnsson)

gegn

Eiríki Kjerulf

(Pjetur Magnússon),

útaf broti á aðflutningsbannslögum nr. 91/1917.

Dómur lögreglurjettar Ísafjarðarkaupstaðar 5. nóv. 1921: Kærði Eiríkur Kjerulf á að vera sýkn af kærur valdstjórnarinnar í máli þessu. — Kostnaður sakarinnar greiðist af almannafje.

Dómur hæstarjettar.

Það er sannað með útskrift úr áfengisbók lyfjabúðarinnar á Ísafirði, með skráum gjörðum eftir áfengislyfseðlum kærða, Eiríks aukalæknis Kjerulfs á Ísafirði, með framburði sjálfs hans og öðrum skýrslum, að kærði hefir, á tímabilinu frá 1. maí 1919 til 30. apríl 1920, látið út um 2500 áfengisseðla til um 845 manna, þar með talinn sjálfur hann.

Áfengið, sem út var látið á nefndu tímabili gegn áfengisseðlum kærða, nam um 1028 lítrum af spiritus concentratus, um 694 l. af koniakki, um 58 l. af portvíni og sherry og um 6 l. af rauðvíni.

Áfengisseðlarnir voru látnir út nálega daglega, ekki ósjaldan 20—30 á dag, en af öðrum lyfseðlum hafa lyfjabúðinni borist um 20 seðlar á dag frá báðum læknum í læknishjæðinu. 29 menn hafa fengið frá 12—25 áfengisseðla hjá kærða. Sjálfum sjer hefir kærði gefið 88 áfengisávisanir.

Venjulegur ávisanaskamtur kærða af spiritus concentratus nam 400—800 gr. Að eins 13 sinnum var skamturinn 200 gr. eða minni. En hæstur var

hann 2200 gr. og var hann handa kærða sjálfum. Af koniakki var smæsti skamtur (einu sinni) $\frac{1}{4}$ lítra, venjulegur $\frac{3}{4}$ —1 l., en hæstur 10 l., auk 13 flaskna á $\frac{3}{4}$ l. tvisvar og 9 l. einu sinni; hefir kærði ávísað sjer sjálfum alla þessa háu skamta, á einum mánuði yfir 30 l. af koniakki gegn 4 áfengisseðlum, auk annars áfengis. Af portvini, sherry og rauðvini hefir verið ávísað í einu frá $\frac{3}{4}$ l. upp í 2 l., og hefir kærði ávísað sjer hæsta skamta einnig af þeim tegundum.

Alt áfengið tjáist kærði hafa ávísað sem lækni-meðal, enda hafa rannsakað áfengisbeiðendur sem aðra vitjendur, og yfirleitt tekið af þeim sömu borgun og fyrir aðrar ráðleggingar. Vitni hafa þó borið, að kærði hafi tekið 2—5 kr. fyrir hvern áfengisseðil.

Kvillarnir, sem kærði hefir ávísað áfengi við, eru, að framburði nokkurra vitna, sem við áfenginu tóku: meltingarkvillar, matarólyst, kalda, svefnleysi, sjóveiki og hjartveiki.

Af því sem hjer er greint, þykir það bert, að kærða hafi hlotið að vera það ljóst, að áfengi það, er hann ávísaði sjálfum sjer og öðrum hafi oft átt að nota til nautnar eða í öðru skyni en til lækningar, enda er það sannað, að sumir þeirra, sem áfengi fengu samkv. ávísun kærða, hafi orðið sumpart druknir og sumpart hreifir af því. Hefir kærði því gjörst brotlegur gegn 18. gr. bannlaganna nr. 91, 14. nóv. 1917. Og verður þannig að fella algjörlega úr gildi lögreglurjettardóminn, sem Páll Jónsson cand. juris kvað upp sem setudómari á Ísafirði 5. nóv. f. á., enda eru forsendur dómsins að miklu leyti fjarri sanni.

Kærði hefir með landsyfirrjettardómi 16. júlí

1917 verið dæmdur, samkv. 17. gr. þágildandi bannlaga nr. 44/1909, í 200 kr. sekt til landssjóðs. Er því hjer um endurtekið brot af hendi kærða að ræða á tilsvarendi grein, 18. gr. núgildandi bannlaga nr. 91/1917, og þykir kærða eftir öllum atvikum hæfilega refsað með 600 kr. sekt til rikissjóðs.

Eftir þessum úrslitum verður kærði að greiða allan kostnað sakarinnar, bæði í hjeraði og hjer í rjetti, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda, er ákveðast 200 kr. fyrir hinn fyrnefnda og 120 kr. fyrir hinn síðarnefnda.

Það athugast, að rannsókninni er að ýmsu leyti ábótavant. Og aðfinsluvert er, að vitni hefir verið eiðfest án þess það sjáist, að kærða hafi verið gefinn kostur á að gæta rjettar síns við eiðfestinguna.

Því dæmist rjett vera:

Kærði, Eiríkur aukalæknir Kjerúlf, sæti 600 kr. sekt, er renni í rikissjóð.

Svo ber honum og að greiða allan kostnað sakarinnar, bæði í hjeraði og í hæstarjetti, þar á meðal málflutningslaun til sækjanda og verjanda, málflutningsmannanna Jóns Ásbjörnssonar og Pjeturs Magnússonar, 200 kr. hinum fyrnefnda, og 120 kr. hinum síðarnefnda.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur lögreglurjettardómsins hljóða svo:

Með brjefi stjórnarráðsins, dags 23. júní 1920, var lagt fyrir bægjarfógetann á Ísafirði að hefja rjettarrannsókn til þess að komast fyrir það, hvort kærði í máli þessu, Eiríkur Kjerúlf aukalæknir hafi gert sig sekan gegn bannlögnum.

Í brjefinu er eigi gerð önnur grein fyrir skipun þessari en sú, að hún sje „í tilefni af brjefi“ bæjarfógetans, en þetta brjef hans hefir eigi komið fram í málinu og ekkert verið upplýst um innhald þess eða efni. Verður því eigi sjeð hvort til grundvallar fyrir þessu brjefi bæjarfógetans liggi sjálfkrafa eigin athugun hans sem lögreglustjóra, bending heilbrigðisstjórnarinnar eða kærur einstakra manna eða fjelaga.

Samkvæmt fyr greindu brjefi stjórnarráðsins var því næst rjettarrannsókn hafin gegn kærða og var fyrst rannsakað hve mikið hafði verið látið úti af áfengi í lyfjabúðinni á Ísafirði gegn ávísunum kærða á tímabilinu 1. maí 1919 til 30. apríl 1920 að báðum þeim dögum meðtöldum. Sýnir sú rannsókn að kærði eigi á þessu tímabili að hafa gefið út 2464 ávísanir á áfengislyf. Og eru þá taldar þær ávísanir, er hann fjekk áfengi út á handa sjálfum sjer að usum poprium sem lækniur svo og afhendingar frá lyfjabúðinni á áfengi, sem í áfengisbók lyfjabúðarinnar eru taldar eftir ávísun kærða, en lyfseðlar fundust eigi fyrir við rannsóknina.

Þessar 2464 afhendingar eru taldar að nema 1029½ lítra vínanda blandaðs og óblandaðs og 698½ lítra cognacs og vína.

Að því er næst verður komist voru ávísanir þessar á áfengislyf gefnar ca. 790 mönnum, en rannsókninni hefir eigi verið beint að því að finna tölu sjúklinganna, heldur sérstaklega að því að finna áfengismagnið, sem á umræddu tímabili var afhent samkvæmt ávísunum kærða og hve mikið hafi verið látið úti til einstakra manna.

Í því efni var lögð fram skrá yfir áfengi látið úti til notkunar nokkurra manna eftir lyfseðlum frá kærða á tímabilinu, sem rannsóknin tekur yfir og eru þar auk kærða sjálfs tilgreindir 14 menn, er fengið hafa frá 12 upp í 28 sinnum lyfseðil um áfengi hjá kærða á þessu tímabili og eiga þeir að hafa fengið út á ávísanir þessar frá ca. 6 lítra vínanda og 1½ lítra cognacs upp í ca. 20 lítra vínanda og 1 lítra cognacs.

Þá var við rannsóknina lögð fram skrá yfir nokkra menn, er lögreglustjóri telur að ekki sje trúandi fyrir áfengi í stórskómtum sem læknislyfi og loks var lagður fram útdráttur úr dómsmálabók Ísafjarðar, er sýnir að á tímabilinu 27. janúar 1916 til 21. september 1920 hafa átta menn sætt sektum 19 sinnum fyrir lögreglubrot, framin er þeir voru undir áhrifum víns. Að loknum samanburði á áfengisbók lyfjabúðarinnar og lyfseðlum kærða

var rannsókninni beint að yfirheyrslu vitna. Voru 16 þeirra manna, er áfengislyfseðla höfðu fengið hjá kærða á þessu tímabili látnir bera vitni í málinu og tvö önnur vitni voru látnir gefa umsögn um þá 37 menn, er taldir voru upp á skránni yfir þá menn, er lögreglustjóri taldi eigi trúandi fyrir áfengi í stórskömtum sem læknislyfi. Þegar rannsóku málsins var lokið, var hún send stjórnarráðinu og var svo fyrirskipað málshöfðun með brjefi stjórnarráðsins, dags. 15. júlí 1921 og stefna gefin út í málinu 30. s. mán.

Undir rekstri málsins var eftir kröfu kærða tekin ítarlegri skýrsla af nokkrum þeirra vitna, sem yfirheyrð höfðu verið við rannsóknina og nokkur vitni voru leidd, sem eigi höfðu áður gefið skýrslu í málinu.

Í varnarskjali, sem kærði hefir sjálfur samið og lagt var fram í rjettinum, hefir hann haldið því fram, að hann hefði eigi heimild til að láta stjórnmalastefnur eða skoðanir ráða neina um störf sín og skoðanir sem læknis og í því sambandi tekið fram, að meðan áfengi er á lyfjaskrá, yrði hann að haga áfengislyfjagjöfum sem öðrum lyfjagjöfum eftir þekkingu sinni og reynslu á nytsemi lyfsins án tillits til stjórnmalaskoðana einstakra manna, fjelaga og flokka. Enn fremur hefir hann bent á að á því tímabili, sem rannsóknin nær yfir, hafi enginn einn maður fengið svo mikið áfengismagn út á lyfseðla frá honum, að eigi hefði verið heimilt að láta $\frac{1}{3}$ hluta meira áfengismagn til þess manns, sem mest áfengi hefir fengið út á ávisanir frá honum, samkvæmt reglum um sölu lyfja sem áfengi er í frá 15. apríl 1920, sem voru í undirbúningi á þeim tíma, sem rannsókrin í málinu tekur til. Þá heldur kærði því fram að, ef allir starfandi læknar á landinu hefðu á þessu tímabili látið úti jafnmikið áfengismagn og hann, hefðu átt að flytjast til landsins ca. 36000 lítrar af 8 gráðu vinblöndu, en samkvæmt hagskýrslum hafi innflutningurinn numið 116000 lítrum. Hann upplýsir og að á þessu tímabili hafi verið notaðir ca. 100 lítrar af þessari blöndu til iðnparfa hjer í umdæminu og áætla samkvæmt því að til iðnparfa hafi á öllu landinu verið notaðir ca. 40000. Verður þá afgangs ca. 40000, sem hljóti að hafa verið notaðir til lyfja, og dregur hann af þessu þá ályktun, að aðrir læknar að meðaltali hljóti að hafa fyrirskipað hálfu meira áfengi til lyfja en hann á umræddu tímabili.

Loks upplýsir kærði að tveir læknar í umdæminu hafi á

greindu tímabili fylgt þeirri meginreglu að fyrirskipa eigi áfengi sem lyf og stafi af því, að allir sjúklingar úr þeim hjeruðum, sem áfengislyfs þarfnist, leiti til hans, og að umdæmi hans, að því er þetta lyf snertir, þannig svari til umdæmis með 6000—8000 íbúum.

Kærði hefir gert þá aðalkröfu, að málinu verði vísað frá dómi sökum ónákvæmrar og óábyggilegrar rannsóknar og ólöglegrar meðferðar við rannsóknina. Í öðru lagi, ef málinu yrði eigi vísað frá dómi, hefir hann krafist algerðrar sýkunar af kærum valdstjórnarinnar í málinu.

Það verður nú að fallast á það, að rannsóknin í málinu hefir eigi verið eins formleg og vera átti. Þannig þykir kærði eigi aðeins eiga rjett á að fá vitnesku um sakagiftir heldur og hvaðan þær eru runnar. Þá verður að telja það beint brot á reglum um meðferð lögreglumála, að vitni hefir verið eiðfest án þess að kærða væri gefinn kostur á að mæta eða láta mæta við eiðfestinguna. Eins verður að fallast á það, að rannsókn málsins er að ýmsu leyti ónákvæm og óábyggileg og má þar tiltaka, að eigi virðist nægilega kostað kapps um að finna til hlítar hve mikið áfengismagn þeir menn raunverulega hafa fengið, sem mest áfengi hefir verið afhent út á lyfseðla frá kærða. Í rjettarhaldinu 18. september 1920 gerir rannsóknardómarinn þá athugasemd, að sökum nafnlikingar sjöu lyfseðlar og áfengisbók ekki ábyggilegur grundvöllur fyrir rannsókn í málinu, og er það rjett. Þannig sjest á útskrift úr áfengisbókinni, sem lögð hefir verið fram í málinu, að víða er ekkert heimilisfang viðtakenda tilgreint og stundum er heimilisfangið »hjer« sett við nöfn manna, sem vitanlegt er um að heimili eiga utan kaupstaðarins. Af þessu leiðir meðal annars að einatt getur verið um fleiri samnefnda menn að ræða þótt áfengisbók upplýsi eigi um að fleiri sjeu en einn. Það er t. d. vitanlegt, að á umræddu tímabili eða köflum úr því voru heimilisfastir í hjeradinu þrír menn að nafni Pjetur Jónsson og þrír menn að nafni Páll Jónsson, auk þess sem ferðamenn með þeim nöfnum kunna að hafa leitað læknis hjer. Þegar svo á það er litið, að fornöfn viðtakenda einatt eru skammstöfuð á lyfseðlunum, en þó stundum færð fullum stöfum inn í áfengisbókina, er það ljóst að víxlun getur hafa átt sjer stað og að áfengisbókin getur eigi verið ábyggilegur grundvöllur til þess að aðgreina einn viðtakanda frá öðrum. Samkvæmt þessu virðist eigi aðeins óábyggilegt heldur jafnvel óleyfilegt að tileinka einum og

sama manni alla eða flesta þá lyfseðla, sem hljóða á nafn hans eða upphafsstaf að fornafni hans og föðurnafn eins og gert hefir verið á einu rjettarskjali, sem lagt var fram við rannsóknina og eigi sjest að tilraun hafi verið gerð til að leiðrjetta síðar. Ágalla verður og að telja það á rannsókninni, að flest vitnin sem látin voru gefa skýrslu við rannsóknina, næst því að staðfesta að þau hefðu fengið lyfseðla um áfengi hjá kærða, en það var þegar upplýst með samhljóða lyfseðlum kærða og áfengisbók, eru krafín um skýrslu, sem einvörðungu varðar þau sjálf, nefnilega hvort þau hefðu misbrúkað það áfengi, er þau fengu út á lyfseðla frá kærða, en engra upplýsinga leitað um atriði sem þó virðast að þýðingu hefðu getað haft fyrir málið, eins og t. d. það, hvort kærði hefði sjerstaklega rannsakað heilsufar þeirra áður en hann fyriskipaði þeim lyfið.

Þótt skrá sú yfir nokkra menn, er lögreglustjóri telur að ekki sje trúandi fyrir áfengi í stórskömtum sem læknislyfi, sem lögd var fram við rannsóknina, að vísu telji upp menn, sem á umræddu tímabili hafa fengið lyfseðla um áfengi hjá kærða — tveir þeirra hafa aðeins sinn lyfseðilinn hvor — þá verður eigi sjeð hvað hún eigi að upplýsa eða sanna í málinu. Að byggja áfellsíðóm yfir kærða á henni fyrir þá sök, að hann hefir látið af hendi áfengislyfseðla til þessara manna, getur eigi komið til mála þar eð persónuleg skoðun lögreglustjóra vissulega getur eigi raskað dómi kærða sem læknis um nytsemi eða nauðsyn lyfsins. Og sem mælisnúra fyrir framtíðarbreytni kærða, sem þó ekki gæti verkað á úrslit þessa máls — getur skrá þessi ekki verið meint, þar sem inn á hana er tekinn maður, sem beinlíns er sagt um að sje dáiinn.

Útdrátturinn úr dómsmálabók Ísafjarðar yfir menn, sem lögreglubrot hafa framið undir áhrifum vins, verður einnig að telja óþarfan og þýðingarlausan fyrir málið því að, þótt þarnefndir menn hafi fengið áfengislyfseðla hjá kærða — útdrátturinn sýnir að menn þessir tvisvar sinnum, löngu fyrir það tímabil, sem rannsóknin í málinu nær yfir, höfðu orðið ölvaðir af áfengi, sem þeir fengu út á lyfseðil frá kærða — og svo væri álitíð að lögreglubrot þeirra hefðu átt að aðvara kærða um að láta þeim eigi áfengi í tje, þá er fyrst á það að líta, að ekkert er upplýst um að kærði hafi fengið vitneskju um brotin eða orsök þeirra og á hinn bóginn enda þótt svo hefði verið, þá gat slíkt eigi

raskað skoðun hans eða athöfnum sem læknis um nytsemi eða nauðsyn lyfsins í hverju einstöku tilfelli.

Þótt rannsóknin í málinu verði þannig að ýmsu leyti að teljast gölluð, finst ekkert því til fyrirstöðu, að efnisdómur gangi um málið eins og það er upplýst og kemur þar sjerstaklega til greina, að valdstjórnin hefir fyrirskipað málshöfðun en eigi ítarlegri rannsókn og þannig virðist æskja efnisdóms á grundvelli fyrirbyggjandi rannsókna. Frávisunarkrafa [kærða verður því eigi tekin til greina. Með landsyfirrettardómi 16. júlí 1917 hefir kærði verið dæmdur í 200 kr. sekt og sakarkostnað fyrir brot á 17. gr. laga um aðflutningsbann á áfengi 30. júlí 1909.

Eins og að framan greinir gefur rannsóknin í málinu í skyn, að kærði hafi á tímabilinu 1. maí 1919 til 30. apríl 1920 gefið 2464 ávisanir á áfengi til ca. 790 manna, hljóðandi um í alt $1029\frac{1}{2}$ lítra vínanda og $698\frac{1}{8}$ lítra cognacs og vína, og er kærða gefið það að sök, að áfengisútlát þessi hafi verið svo mikil, að honum hljóti að hafa verið ljóst, að sumt af áfenginu hafi verið fengið til nautnar en eigi sem læknislyf.

Í málinu er það upplýst, að enginn einn maður hefur á umræddu tímabili fengið lyfseðla hjá kærða fyrir meira áfengi en sem svarar 21 lítra vínanda, að sjálfum honum undanteknum, en heimild virðist skorta til að taka til íhugunar, hversu mikinn lyfjaforða löggiltur læknir tekur handa sjálfum sjer að usum proprium sem læknir.

Með skýrslum vitna þeirra, sem yfirheyrð voru undir rekstri málsins, verður það að teljast sannað í málinu, að kærði hafi gert sjer far um að sporna við því, að áfengi það, sem hann hefir gefið lyfseðla um, yrði misbrúkað, og er í því sambandi rjett að taka fram, að eigi virðist rjett eða heimilt að láta lækni sæta ábyrgð fyrir að lyf þau, er hann fyrirskipar við sjúkdómum og kvillum sjer misbrúkuð þvert ofan í reglur hans. Í prófunum hefir kærði gefið þá skýrslu, að hann taki aldrei gjald fyrir lyfseðla sjerstaklega, heldur taki hann gjald fyrir viðtöl eftir efnum og ástæðum manna. Þessari skýrslu hans verður eigi talið hnekt með vitnisburði tveggja vitna, sem borið hafa, annað þeirra að það hafi greitt 5 kr. og hitt 2 kr. fyrir lyfseðil, þar eð vitnin eðlilega hafa eigi gert greinarmun á, hvort þau greiddu gjaldið fyrir lyfseðilinn eða viðtalið. Það verður því að minsta kosti að teljast ósannað í málinu, að kærði hafi gert sjer áfengialyfseðlagjafir að fjeþúfu.

Heldur er ekkert fram komið í málinu, er hnekt geti skýrslu kærða um, að hann hafi fylgt reynslu, þekkingu og sannfæringu sinni, er hann fyrirskipaði áfengislyf við kvillum og sjúkdómum, enda styrkist sú skýrsla hans verulega við framburð þeirra vitna, sem undir rekstri málsins hafa borið, að hann þegar löngu áður en bannlögin gengu í gildi, meðan öllum var frjálst að afla sjer áfengis án læknisseðils, hafi fyrirskipað þeim áfengi sem lyf í líkum mæli og síðan.

Enda þótt samanburður á landsyfirjettardómnum frá 16. júlí 1917 við rannsóknina í máli þessu sýni, að áfengislyfseðlaútlát kærða hafi bæði að tölu og áfengismagni verið hlutfallslega miklum mun meiri á því tímabili, sem rannsóknin tekur til, en á tilsvarendi tímabili, sem dómurinn fjallar um, og það þótt lögð sje til grundvallar skýrsla kærða um að umdæmi það, sem áfengislyfseðlaútlát hans ná til, svári til umdæmis með 6—8000 íbúum, þá virðist þó eigi að síður hjer vera að ræða um takmarkalínur í algerlega sjerfræðislegu efni, sem er næsta isjárvert fyrir almenna dómstóla að setja. Og þegar svo stendur á, virðist þegar fyrirfram að setningin in dubio pro reo eigi að gilda.

En það, sem ráða hlýtur útlitum í máli þessu, er það, að reglur um sölu lyfja, sem áfengi er í, frá 15. apríl 1920, sem telja ber, svo langt sem þær ná, autentiska lögskýringu á lögum nr. 91, frá 14. nóvember 1917 — en þar sem þau lög eru yngri en landsyfirjettardómurinn frá 16. júlí 1917 upphefja þau að sjálfsögðu verkanir hans — heimila áfengisútlát til einstakra manna, að minsta kosti fjórðungi meira en nokkur einstakur maður hefir fengið ávísun á hjá kærða. Þegar fyrir þá sök þykkir verða að sýkna kærða af kærðum valdstjórnarinnar í mál þessu, og er þá eigi þörf að taka aðrar sýkunarástæður kærða til ihugunar. —

Eftir þessum úrslitum verður kærði eigi dæmdur til að greiða sakarkostnað, og ber því að greiða hann af almannafje.

Það vottast, að rekstur málsins og meðferð hefir verið lög-mæt. —